

# Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 77 – 18.10.2006

---

Miðvikudaginn 18. október, árið 2006, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 15.00 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason og Páll Dagbjartsson og Pétur Valdimarsson, Páll Pálsson veitustjóri, og Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

## DAGSKRÁ:

1. Hitaveita út að austan.
2. Upplýsingaskilda fyrirtækisins.
3. Trúnaðarmál.
4. Hækkun gjaldskrár hitaveitu og breyting á reglugerð.
5. Önnur mál.
  1. Viðbragðsáætlun við farsóttar.

## AFGREIÐSLUR:

Einar Gíslason setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Páll Pálsson lagði fram greinargerð frá Íslenskum orkurannsóknum (ÍSOR) dags. 13.10.2006 unnin af Guðna Axelssyni vegna dæluþrófun holu SK-28 á Bræðraá í Hrollleifsdal – Frumniðurstöður eftir 45 daga þrófun, þar sem kemur fram að holan gefur af sér 15 sek/l af 83 gráðu heitu vatni. Stjórn Skagafjarðarveitna ehf. samþykkir að hefja vinnu við verkhönnun á lögn hitaveitu frá borholu í Hrollleifsdal að Hofsós. Um er að ræða virkjun holunnar og um 16 km langa stofnlögn ásamt dreifilögnum. Fyrirhugað er að bjóða verki út á næsta ári.
2. Páll Pálsson gerði grein fyrir því að upplýsingalög nr. 50 24 maí 1996 giltu ekki um hlutafélög og sameignarfélög þótt þau séu í opinberu eigu. Í athugasemdum um einstakar greinar frumvarpsins, þegar það var lagt fram, segir um 1. gr. " *Að öðru leyti gilda lögin ekki um einkaaðila, en undir hugtakið „einkaaðilar“ falla m.a. félög einkaréttarlegs eðlis, eins og hlutafélög og sameignarfélög, þótt þau séu í opinberri eigu. Ef rekstrarformi opinberrar stofnunar hefur t.d. verið breytt í hlutafélagsform fellur hlutafélagið sem slíkt utan gildissviðs laganna, jafnvel þótt það sé að öllu leyti í eigu ríkis eða sveitarfélags, nema því hafi verið falið sérstakt stjórnarsýsluhlutverk, þ.e. að taka ákvarðanir, í skjóli stjórnarsýsluvalds, um rétt eða skyldu manna. Sé hlutafélag í eigu ríkis eða sveitarfélags ná lögin til upplýsinga er varða eignarhald þessara opinberu aðila á félaginu*

*nema upplýsingarnar lúti að viðkvæmum viðskiptahagsmunum þess, en þá er heimilt að takmarka aðgang að gögnum skv. 3. tölul. 6. gr. laganna með tilliti til samkeppni félagsins við aðra aðila.”*

3. Trúnaðarmál – sjá trúnaðabók.
4. Páll Pálsson lagði fram upplýsingar um hækkun á byggingavísitölu frá 1. maí er 6.9% og á síðustu 12 mánuðum 11.4% Samþykkt að hækka gjaldskrá hitaveitu um 4% frá 1. janúar 2007. Samþykkt að breyta reglugerð fyrir Skagafjarðarveitur ehf. “hitaveita” þannig að síðasti hluti síðustu málsgreinar í 3. gr. falli niður þ.e. “*að undanskildu því svæði, sem Hitaveita Hjaltadals nær nú til*”, þá hljóði greinin svo:  
**Veitusvæði**  
3. gr.  
*Veitusvæði Skv er lögsagnarumdæmi Sveitarfélagsins Skagafjarðar, en auk þess þau önnur sveitarfélög sem gera samkomulag við Skv þar að lútandi. Sveitarstjórn Skagafjarðar fyrir hönd Sveitarfélagsins Skagafjarðar framseldi þann 8. október 2002 einkaleyfi sitt til Skv á dreifingu og sölu á heitu vatni í lögsagnarumdæmi Sveitarfélagsins Skagafjarðar til 25 ára.*
5. Önnur mál.
  1. Lögð fram til kynningar viðbragðsáætlun vegna farsóttar. Frestað til næsta fundar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.05

Árni Egilsson ritari (sign)

Einar Gíslason (sign)  
Páll Dagbjartsson (sign)  
Pétur Valdimasson (sign)  
Páll Pálsson (sign)

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.  
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.  
This page will not be added after purchasing Win2PDF.